

SAMÞYKKTIR HÖFUNDARÉTTARFÉLAGS ÍSLANDS

1. grein

Markmið félagsins er að efla þekkingu á höfundarétti og stuðla að þróun þeirrar greinar lögvísinda með erindaflutningi, umræðum, útgáfustarfi o.fl. Félagið skal leita eftir tengslum við hliðstæð félög erlendis, svo og við alþjóðastofnanir.

2. grein

Félagsmaður getur verið hver sá sem hefur virk afskipti af höfundaréttarmálum og/eða sérþekkingu í höfundarétti, að mati stjórnar félagsins. Ef einhver vill ekki sætta sig við mat stjórnarinnar sker fulltrúaráð endanlega úr.

3. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Á fundinum flytur stjórn félagsins skýrslu sína fyrir liðið starfsár og leggur fram ársreikning félagsins. Þar fer jafnframt fram kjör stjórnar, fulltrúaráðs og endurskoðenda þess.

4. grein

Stjórn félagsins skipa fimm menn og einn til vara. Formaður og varaformaður stjórnar skulu kjörnir sérstaklega, en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Skulu stjórnarmenn kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Til þess að stjórnarfundur sé ályktunarhæfur verða þrír stjórnarmenn hið fæsta að vera viðstaddir.

5. grein

Á aðalfundi skal jafnframt kjósa sex menn sem auk aðalmanna í stjórn mynda fulltrúaráð félagsins. Fulltrúaráðið skal vera stjórninni til ráðuneytis um málefni félagsins.

6. grein

Á aðalfundi skal kjósa tvo skoðunarmenn til þess að endurskoða ársreikning félagsins.

7. grein

Félagsfundi, þ. á m. aðalfund og fundi fulltrúaráðs, skal boða skriflega með hæfilegum fyrirvara.

8. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta fundarmanna, enda hafi verið tilgreint í fundarboði að fjallað yrði um breytingar á samþykktum á fundinum.

9. grein

Félaginu verður því aðeins slitið að það sé gert með samþykkt á fundi í félaginu samkvæmt reglum sem greindar eru í 8. grein. Skal þá ráðstafa eignum félagsins og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir er að félagsslitum lúta.